

**Áslaug Melax er fararstjóri í hreyfiverkefninu
Gengið inn í haustið með FFA
ásamt Óskari Ingólfssyni**



Áslaug ólst upp í Reykjavík og flutti til Akureyrar árið 2016. Þörf fyrir útivist og útiveru var alltaf til staðar en árið 2006 lagði hún upp í sína fyrstu ferð með allt á bakinu og var þá ekki aftur snúið. Áslaug var í öflugum gönguhópi í mörg ár, hefur gengið til fjalla í flestum landshlutum og tindarnir orðnir óteljandi. Þrátt fyrir fjallabakteríu leggur Áslaug áherslu á fjölbreytni í útivist og eiga hjól og skíði stóran sess. Áslaug hefur sérstakan áhuga á jöklagöngum og finnst fátt betra en að byrja vorið með góðri göngu á Örfajökli. Árið 2014 kláraði Áslaug gönguleiðsögn frá MK og hefur síðan þá tekið að sér ýmis leiðsagnar verkefni.

Áslaug hefur lengst af starfað sem einhverfuráðgjafi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins en er nú ráðgjafi á fræðslusviði Akureyrarbæjar.

Áslaug byrjaði sem fararstjóri hjá FFA 2021 og mun leiða hópinn með Óskari Ingólfssyni.

Uppáhalds útivistarsvæði Áslaugar: Hálendið í öllu sínu veldi, umhverfi Örfajökuls og Þórsmörk er engri lík.